

ÖLFUSIN

MIDVIKUDAGUR 17. MAÍ 2017

Viðburðir



Elísa Elíasdóttir heillaðist af iðillfögnum fiðluleik í gegnum klassíska útvarpsstöð sem heyrðist oft á heimili hennar í barnæsku og hóf fiðlunám fimm ára gömul.
MYND/EYÞÓR

Maður á alltaf að fylgja hjarta sínu

Elísa Elíasdóttir er fáheyrður dugnaðarforkur. Hún er úr Ölfusinu og ein afar fárra á heimsvísu sem útskrifast með háskólagráður á tvö aðalhljóðfæri; fiðlu og píanó. Elísa verður með fiðluna undir vanga í kvöld þegar hún spilar perlur fiðlubókmenntanna. ➔2

GLAMOUR



GLAMOUR fylgir með Stóra- og Risapakkanum



Kynntu þér málið á 365.is

365

Framhald af forsiðu →

Pórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@365.is



Mamma segist ekki vera ábyrg fyrir því að kynna mig fyrir fiðlunni og vildi þvert á móti að ég færi á hljóðfæri sem hljómaði vel við æfingar því fiðlan ískrar og sargar í höndum barna til að byrja með. Það er líka útvarpinu að þakka að ég heillaðist af fiðlunni því heima ómaði oft en ekki klassísk útvarpsstöð sem dró mig að með fögrum fiðluleik.“

Þetta segir Elísa sem ólst upp á miklu menningarheimili þar sem tónlist fyllti vistarverur hússins á uppaxtaárunum.

„Heimilið hefur alltaf ómað af tónlist og söng og er mikil tónlist í fjölskyldunni. Mamma mín, Ester Ólafsdóttir, er organisti og píanó-kennari, og til hennar komu iðulega hljóðfæraleikarar og söngvarar til æfinga. Þá spilar bróðir minn á selló og enn í dag spilum við mamma og bróðir minn saman á stofu-tónleikum heima, fyrir pabba, og nágrannana sem við buðum til að hlusta á okkur sem litlir krakkar. Við spilum líka saman við sérstök tilefni innan stórfjölskyldunnar; brúðkaup, afmæli og jarðarfari.“

Fann fiðlu með sál

Elísa var fimm ára þegar hún hóf Suzuki-fiðlunám. Ári seinna bættist við píanónám og hefur hún stundað fiðlu- og píanónám jafnhlíða síðan.

Það var frekar seint sem ég tók ákvörðun um að læra tónlist á háskólastigi. Ég byrjaði í lífefnafræði við Háskóla Íslands en fann fljótt að ég yrði að velja og hafna á milli námsins og hljóðfæranáms. Ég tímdi ekki að sleppa takinu af tónlistinni því hún á hug minn allan og það er fátt annað sem ég týni tímanum við. Hjarta mitt slær með tónlistinni og maður á jú alltaf að fylgja hjartanu,“ segir Elísa sem er annar nemandi Listaháskóla Íslands sem útskrifast með B.Mus-háskólagráðu á tvö hljóðfæri. Aðalkennarar Elísu eru Guðný Guðmundsdóttir á fiðlu

og Peter Máté á píanó. „Það er afar óvenjulegt að fólk stundi háskólanám á tvö aðalhljóðfæri og þekkest varla. Ég er þakklát og ánægð með hversu skólinn hefur verið sveigjanlegur og leyft mér að stunda námið á mínum forsendum. Fiðla og píanó eru afskaplega krefjandi hljóðfæri og allur minn frítími fer í æfingar en mér þykir góð hvíld í því að geta skipt á milli hljóðfæra,“ Elísa sem æfir sig oftast í skólanum.

„Mér finnst gott að fara á „vinnustað“ til að æfa mig, inn í tómteig herbergi þar sem ekkert truflar, enginn bankar, enginn sími hringir og ekkert drasl kallar á tiltekt. Eiga svo verðskuldað fri þegar heim kemur.“

Á heimili Elísu stendur píanó foreldra hennar en fiðluna fann hún í Þýskalandi eftir mikla leit.

„Verðbil á „alvöru“ fiðlum er frá hundruðum þúsunda til hundraða milljóna. Því skiptir stuðningur og áhugi fjölskyldunnar miklu fyrir nemendum. Það tók mig meira en ár að finna rétta hljóðfærið því fiðlur hafa sinn eigin persónuleika og sál. Sumar eru bjartar en aðrar dimmar; sumar hlýjar og aðrar kaldar. Hver og ein fiðla er listaverk sem unnið er af mikilli nákvæmni. Ég prófaði þær margar til að finna minn eigin sálufélag og þegar ég fann fiðluna mína hjá þýskum fiðlusmið vissi ég að hún væri sú rétta.“

En þótt Elísa sé heilluð af fiðlunni sinni segir hún ógjörning að gera upp á milli hljóðfærananna.

„Píanó er ásláttarhljóðfæri með annars konar hlutverk en fiðlan sem syngur langar línur og getur tjáð sig eins og söngvari.“

Rómantik í uppáhaldi

Elísa þvertetur fyrir að klassískir hljóðfæraleikarar séu alvarlegir og segir mikið um sprell og gleði þar sem hljóðfæraleikarar koma saman.

„Ég er bættari sem manneskja fyrir að hafa kynnst bæði fiðluleikurum og píanóleikurum sem vinna og æfa að mestu einir á meðan fiðluleikarar spila oftast með öðrum. Ég hef eignast marga vini og kynnst mörgu áhuga- verðu og metnaðarfullu fólki, ekki síst eftir að ég fór lengra í náminu. Það einkennir fólk sem hefur valið



Elísa er alin upp á listelsku heimili og af söngelskri fjölskyldu. Ásamt móður sinni og bróður heldur hún gjarnan stofutónleika fyrir pabba sinn og saman spila þau á píanó, fiðlu og selló við brúðkaup, afmæli og jarðarfari innan stórfjölskyldunnar.

MYND/EYÞÓR

Fiðlur hafa sinn eigin persónuleika og sál. Sumar eru bjartar en aðrar dimmar; sumar hlýjar og aðrar kaldar.

Elísa Elíasdóttir

sérstaklega að leggja mikið á sig til að stunda hljóðfæranám samhliða framhalds- eða háskólanámi að vera skipulagt og agað og það er mjög gefandi að vera í kringum slíkar manneskjur.“

Til mikils sé sætlast af hljóðfæranemum og mikill agi sé í náminu. „Maður mætir ekki í tíma viku eftir viku án þess að æfa sig því annars verða engar framfarir. Sá mikli agi er til að ná fram ákveðinni færni sem á endanum leiðir til frelsis á hljóðfæri. Ég upplifi þetta sjálf

í aðdraganda tónleikanna í kvöld, að þegar kemur að lokametrunum eftir þrotlaust æfingafæri er ég loks orðin svo örugg og frjáls að ég get sett sálina í fiðluleikinn.“

Á næsta námsári verður Elísa áfram í fiðlunámi meðfram útskriftarferlinu á píanó og mun næsta vor halda útskriftartónleika á píanó og útskrifast með B.Mus-gráðu á bæði hljóðfærin.

„Mér þykir skemmtilegast að spila barokk og tónlist frá rómantíska tímabili tónlistarsögunnar. Bach er meistarinn en ég hef líka dälæti á Brahms, Liszt, Chopin og Rachmaninoff. A tónleikumun mun ég leika áheyrliga tónlist, þar á meðal afar rómantískt stykki eftir Kreisler og fiðlusónötu eftir Fauré. Einnig litið verk sem Kristján Harðarson, nemandi á öðru ári í tónsmíðum, samdi sérstaklega fyrir mig og þessa tónleika.“

Langar út í buskann

Í sumar fer Elísa í starfsnám til Austurríkis þar sem hún verður í tveimur hljómsveitum og fylgist með kennslu við tónlistardeildir framhalds- og háskóla. Þar gefst henni einnig færi á að æfa sig í þýsku.

„Tónlist er stærsta áhugamálið en þó ekki þannig að ég geti ekki hugsað um annað. Ég hef gaman af ferðalögum og tungumálanámi og hef tvisvar farið í skiptinám, til Austurríkis og Kanada. Þá hef ég yndi af eldamennsku og að bjóða vinum að smakka það sem ég galdra fram í pottunum. Almenn útivera togar líka í mig, ekki síst í íslensku náttúru sem mér finnst mögnuð. Ég hlakka til að geta farið í lengri ferðir með tjald og nesti í sumar; eitthvað út í buskann og taka ljósmyndir.“

Eftir útskrift frá Listaháskólanum vonast Elísa til að víðfeðmar dyr tækifæra opnast.

„Bachelor-háskólagráða er hið nýja stúdentspróf og þess óbeint krafist að maður mennti sig meira. Maður fær til dæmis ekki lengur kennsluréttindi nema að taka meistaraþróf. Ég ætla þó að einbeita mér að því að klára þetta fyrst,“ segir Elísa hlæjandi og sæl með áfangann.

„Ég veit að foreldrar mínir eru stoltir af mér. Við erum samheldin fjölskylda og þau hafa stutt mig mikið og hvatt mig áfram. Það er stórt og erftit skref að ákveða að fara í listnám og skiptir miklu að hafa gott fólk í kringum sig; heidarlegar manneskjur sem benda manni á alla möguleika og hvetja mann áfram í því sem maður ákveður að gera.“

Útskriftartónleikar Elísu eru haldnir af tónlistardeild Listaháskóla Íslands og fara fram í Salnum, tónlistarhúsi Kópavogs, klukkan 20 í kvöld.

„Allir eru hjartanlega velkomnir, það er frítt inn og næg sæti í Salnum. Það er mikil vinna að setja upp svona tónleika og vonandi að sem flestir komi til að hlýða á perlu fiðlubókmenntanna,“ segir Elísa, spennnt fyrir að stíga á sviðið með fiðluna sína að vopni.

Sæbjúgnahylkin eru byltning

Magnús Friðbergsson mælir með sæbjúgnahylkjum frá Arctic Star en hann finnur mun á sér eftir að hann fór að nota þau. Sæbjúgu innihalda fimm tíu tegundir af næringarefnum.

Í Kína eru sæbjúgu þekkt sem heilsubótarfæði og notuð til bóta við hinum ýmsu meinum. Kínverjar kalla sæbjúgu gjarnan „ginseng hafsins“ og til eru sagnir um notkun sæbjúgu þar fyrir meira en þúsund árum.

Arctic Star sæbjúgnahylkin innihalda yfir fimm tíu tegundir af næringarefnum sem geta haft jákvæð áhrif á lífðælisfræðilega starfsemi mannlíkamans, til dæmis er mikið kollagen í þeim en það er eitt helsta uppbyggjarpróteín líkamans.

Finnur mikinn mun á sér

Á síðustu árum hefur Arctic Star sérhæft sig í þróun á fæðubótarefnum, svo sem framleiðslu, markaðssetningu og sölu á hágæða sæbjúgnahylkjum. Hylkin eru framleidd úr íslenskum, hágæða, villtum sæbjúgum sem eru veidd í Atlantshafinu. Magnús Friðbergsson, verkefnastjóri hjá Landspítala, hefur tekið sæbjúgnahylkin frá Arctic Star undanfarin tvö ár. „Vinur minn kynnti mig fyrir sæbjúgnahylkjum og þar sem ég hafði lengi verið slæmur í hnám, með liðverki og litið getað beitt mér ákvað ég að prófa. Tveimur til þremur vikum seinna fann ég mikinn mun. Nú hef ég tekið sæbjúgnahylkin í tvö ár og fer allra minna ferða án óþæginda. Það er algjör byltning frá því sem áður var. Nú get ég gert hluti eins og að fara í langar gönguferðir, sem ég gat varla gert áður. Að minnsta kosti gerði ég það ekki með bros á vör og það tók mig langan tíma að jafna mig eftir álag,“ útskýrir hann.

Magnús, sem er 67 ára gamall í dag, hafði fengið að heyrja frá lækni að mikið slit væri í hnám hans og ekki væri von á að það gengi til baka. „Hann sagði mér að kíkja á



fæðingardaginn minn og að ég gæti ekki búist við að fara aftur í tíma. Mér fannst vont að heyrja þetta og var því tilbúinn að prófa ýmslegt sem gæti mögulega lagað þetta. Sæbjúgnahylkin frá Arctic Star virka mjög vel á mig og ég mæli með að fólk prófi þau.“



Magnús er betri í hnám og finnur minna fyrir liðverkjum eftir að hann fór að taka sæbjúgnahylkin.

MYND/GVA

Framleiðandi sæbjúgu er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á arcticstar.is. Arctic Star sæbjúgnahylki fást í flestum apótekum og heilsubúðum og í Hagkaupum.



Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLOTUN SANDSPARSL-
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuþá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálpr. Trúnaður.

SÁ SÍMASPÁ Í

S. 844 6845 / 462 4564

Frá kl. 14:00. Spá í spil og bola. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt
& Selt

Til sölu

STIGA®



Stiga Estate 7102 H

Sjálfskiptur lúxus slátturaktór
Kawazaki FS600V mótör
Notendavænt sæti og stýri
320 lítra graskassi
Frábær traktör í stærri svæði

VETRARSÓL

Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

LOK Á HEITA POTTA OG
HITAVEITUSKELJAR.

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarþarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

KAUPUM GULL-
JÓN & ÓSKAR

Alla virka daga í verslun okkar
Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR
Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihúðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl. hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI
OG SKIPTITASKA

Verð frá kr. 99.900. Frír aukahlutapakkari að verðmæti kr. 27.880 fylgir fyrirfram pöntuðum vögnum út maí. Barnið Okkar Hliðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

Heilsa

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301 www.tantrateemple.is

Húsnæði

Sumarbústaðir



Útvegum efni í hágæðatimburhús frá Finnlandi. Sumarhús- einbýlishús Fjölbreytt úrval- gott verð.

Upplýsingar hjá
ghalldor@simnet.is

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S. 564-6500

Hönnun



HÖNNUN

VERKFRÆDITEIKNINGAR

Tek að mér að gera verkfræðiteiðningar af íbúðarhúsum og sumarhúsum. Fast verð. Upplýsingar í síma 783 4180 eða kjartangardars@gmail.com

Spádómar

KÆRLEIKS-LJÓSID

Spámiðill Tarot lestur og kristalkúla

Visa 566 7311 euro

Tímamantanir í síma 8694650

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



intellecta.is

RÁÐNINGAR

intellecta

Fasteignir

EIGNAMIÐLUN

Sala fasteigna frá
Elsta starfandi Fasteignasala landsins

1957

Sérbyli/hæð
óskast til leigu

Höfum verið beðin að útvega viðskiptavini okkar hæð eða sérbyli á Höfuðborgarsvæðinu til leigu.

Eignin þarf að vera laus síðsumars. Traustur aðili með meðmæli.

Hafið samband við Hilmar P. Hafsteinsson
löggitlan leigumiðlara s: 824 9098.

588 9090 · www.eignamidlun.is · Grensásvegi 11 · 108 Reykjavík

SÉRHÆFD VERSLUN
Í KRINGLUNNI

Höfum fengið í einkasölu verslun í Kringlunni með sérhæfðar vörur.

Verslunin er rekinn í 100 fm húsnæði, fallegar innréttingar. Eignin innflutningur, góður rekstur. Upplýsingar veitir Kristinn B. Ragnarsson lgf. á skrifstofunni.

EIGNASTOFAN

Eignastofan fasteignamiðlun - Síðumúla 29 - 108 Reykjavík - Sími 5377500

Tilkynningar



Reykjavíkurborg

Menningar- og ferðamálasvið - Höfuðborgarstofa
Verkefnastjóri ferðamála

Viltu markaðssetja áfangastaðinn Reykjavík?

Höfuðborgarstofa leitar að reynslumiklum og metnaðarfullum einstaklingi til að efla ímynd Reykjavíkur sem áfangastaðar og leiða stefnumörkun á sviði markaðsmála fyrir Höfuðborgar- stofu. Verkefnastjóri ber ábyrgð á markaðsstarfi Höfuðborgarstofu, gerð, innleiðingu- og eftirfylgni markaðsáætlana, markmiðsetningu og samhæfingu markaðsmála og öflun og greiningu markaðs upplýsinga. Í starfinu felst umtalsverð samvinna við aðila innan og utan Reykjavíkurborgar.

Um nýtt starf er að ræða hjá Höfuðborgarstofu. Áherslur starfsins byggja á Ferðamálustefnu Reykjavíkurborgar og starfsáætlan Höfuðborgarstofu á hverjum tíma.

Starfið krefst:

- Háskólamenntunar sem nýtist í starfi. Framhaldsmenntun á sviði markaðsmála er ótvíræður kostur.
- Að lágmarki 3ja ára reynslu á sviði markaðsmála, þekking og reynsla af ferðaþjónustutengdu markaðsstarfi er kostur.
- Hæfni til að afla og greina upplýsingar og koma á framfæri með skýrum hætti.
- Frumkvæðis, sjálfstæðis í vinnubrögðum og framúrskarandi skipulagshæfileika.
- Mjög góðrar tungumálakunnátta, íslensku og ensku, og hæfni til að tjá sig vel í ræðu og riti.
- Færni og getu til að vinna undir álagi og sinna mörgum viðfangsefnum í einu.
- Góðs valds á upplýsingatækni og –miðlun.
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum og ríkrar þjónustulundar.

Kjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir: Áshildur Bragadóttir forstöðumaður Höfuðborgarstofu, ashildur.bragadottir@reykjavik.is, sími 411 6012.

Vakin er sérstök athygli á markmiðum starfsmanna- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem er að finna á www.reykjavik.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28. maí nk.

Umsóknir skulu sendar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf.

Hlutverk Menningar- og ferðamálasviðs er að fara með framkvæmd menningar- og ferðamála hjá Reykjavíkurborg. Sviðinu tilheyrir menningarstofnanir Reykjavíkurborgar; Borgarbóksafn Reykjavíkur - menningarhús, Borgarsögusafn Reykjavíkur og Listasafn Reykjavíkur.